



GJALDSKRÁ

fyrir hitaveitu á Laugum í Sælingsdal

1. gr.

Dalaveitur ehf. sér um dreifingu á heitu vatni innan jarðarmarka Lauga og innheimtir gjald fyrir varmaorku og annað sem hér er tilgreint, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari. Byggðarráð Dalabyggðar hverju sinni fer með hlutverk stjórnar Dalaveitna ehf.

2.gr.

Notendagjöld eru sem hér segir (án 11% VSK og 2% auðlindaskatts):

- | | |
|--|------------|
| • Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns | kr. 97,40 |
| • Fastagjald fyrir hvern mæli á dag verði | kr. 77,21 |
| • Lokunargjald | kr. 15.708 |
| • Gjald fyrir aukaálestur | kr. 7.028 |

Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu, og svarar það til notkunar 7,2 rúmmetra vatns á sólarhring). Notendur geta sótt um afslátt á vatnsgjaldi ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælabotns eftir að áætlað hámarksrennsli, sbr. að ofan, hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur.

Byggðarráði er heimilt að semja um lægri notendagjöld til stórnotenda í atvinnurekstri.

3.gr.

Tengigjöld eru sem hér segir (án 24% VSK):

- | | |
|---|-------------|
| • Heimæðagjöld fyrir íbúðar- og frístundahús verði | kr. 682.232 |
| • að auki skal greiða aukalega á lengdarmeter frá stofnæð | kr. 6.490 |

Sé fyrirsjáanlegt vegna stærðar heimtaugar, fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en gjaldskrá segir til um skal greiða þann áætlaða kostnað sem umfram er.

Byggðarráði er heimilt að veita afslátt af tengigjöldum og dreifa greiðslum á allt að 12 mánuði.

4. gr.

Notendagjöld skv. 2. gr. verða krafın mánaðarlega með gjalddaga 30. dag næsta mánaðar og eindaga 20 dögum síðar. Lesið verður af mælum eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er að vaxtareikna ógreidd notendagjöld frá gjalddaga hafi þau ekki verið greidd á eindaga.

5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli til notanda sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Sá sem vanskilum veldur skal í hvert sinn greiða lokunargjald sbr. 2. gr. gjaldskrár þessarar. Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.



6. gr.

Starfsmönnum veitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notanda hitaveitunnar skyld að hlíta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

7. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi, heimæðar og inntök inn fyrir vegg í húsnæði notanda. Kostar uppsetningu rennslismælis, síu og þrýstimælis. Annar búnaður við tengingu húsnæðis er á kostnað notanda.

8. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skal vera hitamælir á útrennsli, þrýstimælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyrirmælum veitustjóra. Á hitakerfum, tengdum dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu.

9. gr.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar. Hitaveitan getur heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Hitaveitan getur afturkallað slík leyfi án bóta, ef nauðsynlegt er vegna almennra orkusparnaðar sjónarmiða. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og eða annan slíkan búnað við bakrennslið nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

10. gr.

Breytingar á gjöldum skv. 2.gr. skulu háðar samþykki stjórnar Dalaveitna ehf.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 17. desember 2024 og tekur þegar gildi.

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri og framkvæmdarstjóri Dalaveitna ehf.